

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska gámafélagið Gufunes Reykjavík



Dags eftirlits	24.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska gámafélagið	Eftirlitsmaður	
Heimili	Gufunesvegi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4705962289	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Birgir Kristjánsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	Staðsetning	363053,302 408634,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi spilliefnamóttöku Íslenska gámafélagsins í Gufunesi. Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða magn spilliefna og skil á skráningum. Rekstraraðili skilaði inn úrbótaáætlun vegna þessa þann 12. janúar 2021 og telst frávikunum lokið. Ein ábending var gerð er varðar mögulegar breytingar á starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í spilliefnamóttöku Íslenska gámafélagsins og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Verkstjórn og takmörkun aðgangs (gr. 2.3)
3. Verklýsingar (gr. 2.4)
4. Viðbragðsáætlun (gr. 2.6)
5. Meðhöndlun spilliefna og frágangur íláta (gr. 3.3 og 3.4)
6. Niðurstöður síðasta eftirlits
7. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
8. Önnur mál

Vegna COVID19 var eftirlitið að þessu sinni tvískipt, annarsvegar fór fram hefðbundin vettvangsheimsókn og hinsvegar fjarfundur þar sem farið var yfir ákvæði starfsleyfisins.

Rætt var um umfang starfseminnar, en í spilliefnamóttökunni má taka á móti að hámarki 500 tonnum af spilliefnum á ári til undirbúnings fyrir endurnýtingu. Rekstraraðili lagði fram upplýsingar um það magn úrgangs sem tekið var á móti árið 2019 og var það 506,498 tonn sem er umfram heimild starfsleyfisins. Fram kom að búið væri að flytja hluta af starfsemi Íslenska gámafélagsins að Koparhelli á Esjumelum og stefnt væri að því að ljúka flutningi starfseminnar þangað 2022, þ.m.t. spilliefnamóttökunnar. Rætt var um að rekstraraðili hefði samband við Umhverfisstofnun vegna mögulegra breytinga á starfsleyfi spilliefnamóttökunnar við flutningana. Tilkynta þarf Umhverfisstofnun verði breyting á staðsetningu starfseminnar.

Farið var í skoðunarferð um spilliefnamóttökuna í Gufunesi. Girðing er umhverfis svæðið og aðgangur takmarkaður. Áætlanir eru til staðar. Spilliefnamóttakan var vel skipulögð og snyrtileg og verkstjóri hafði góða þekkingu á starfseminni. Ekki var tilefni til athugasemda.

Kynnt var áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni reglubundinna eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Í áhættumati 2019, sem ákvarðar tíðni eftirlits 2020, er spilliefnamóttaka Íslenska gámafélagsins með 15 stig sem er eftirlitsflokkur B og reglubundið eftirlit einu sinni á ári. Áhættumat er endurskoðað árlega.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 1.2 í starfsleyfi

Heimilt er að taka á móti allt að 500 tonnum af spilliefnum á ári, árið 2019 var tekið á mót 506,498 tonnum af spilliefnum sem er umfram heimild starfsleyfisins.

gr. 4.2 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Skráningar lágu ekki fyrir við eftirlit.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að hafa samband við Umhverfisstofnun vegna fyrirhugaðra flutninga spilliefnamóttökunnar og mögulegra breytinga á starfsleyfi í tengslum við það.

ANNAD

Einnig var viðstaddur eftirlitið fyrir hönd Íslenska gámafélagsins Árni Freyr Valdimarsson.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.01.2021



Sigríður Magnúsdóttir

